

Föstudaginn 31. janúar 1964.

Nr. 114/1962. **Einar Olgeirsson** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Eyjólfi Konráði Jónssyni og gagnsök

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramir Þórður Eyjólfsón, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Meiðyrði. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. september 1962. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 1. október 1962. Hann gerir þessar dómkröfur:

1. Að ummæli þau, sem stefnt var fyrir í héraði, verði dæmd ómerk.
2. Að aðaláfrýjanda verði dæmd refsing fyrir ummælin.
3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dómsforsendna og dómsorðs í dagblöðum.
4. Að aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu miskabóta, kr. 100.000.00.
5. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í ummælum þeim, sem stefnt er út af, felst aðdróttun, sem varðar við 235. gr. laga nr. 19/1940. Koma þá til athugunar kröfur gagnáfrýjanda.

Um 1. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummælanna.

Um 2. Refsing aðaláfrýjanda fyrir ummælin telst hæfilega ákveðin kr. 5000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um 3. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 500.00 í birtingarkostnað.

Um 4. Miskabætur til gagnáfrýjanda úr hendi aðaláfrýjanda þykja hæfilega ákveðnar kr. 12.000.00.

Um 5. Eftir úrslitum málsins er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann samtals kr. 6000.00.

Dómsorð:

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla.

Aðaláfrýjandi, Einar Olgeirsson, greiði 5000 króna sekt í rikissjóð, en sæti 20 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, Eyjólfu Konráði Jónssyni, kr. 500.00 til að standast kostnað af birtingu dómsforsendna og dómsorðs í dagblöðum.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda miskabætur, kr. 12.000.00.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. júní 1962.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. þ. m., hefur Eyjólfur Konráð Jónsson, ritstjóri Morgunblaðsins, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 1. júní 1961, gegn Einari Olgeirssyni alþingismanni, Hrefnugötu 2, hér í borg.

Tildrög málsins eru þau, að í dagblaðinu Þjóðviljanum, sem út kom laugardaginn 13. maí 1961, birtist ávarp með yfirskriftinni: „ÍSLENDINGAR, ÞAÐ ER HÆTTA Á FERÐ“.

Höfundur ávarpsins er tilgreindur Einar Olgeirsson. Viðurkennt er, að stefndi sé höfundur ávarpsins. Í ávarpi þessu heldur stefndi því m. a. fram, að fundafrelsi almennings hér á landi sé í hættu fyrir árásum uppæsts fasistaskríls, sem hafi hleypt upp fundum verkalyóðsfélaga og ráðizt á fundarhús þeirra, en

undirrót þeirrar óaldar séu skipulögð níð- og æsingaskrif Morgunblaðsins og annarra stjórnarblaða gegn kommúnismanum. Þá séu líkur til þess, að sakir æsingaskrifa Morgunblaðsins, sem sé áhrifamikið blað, muni þróunin beinast til ofbeldisárása og bardaga, sem endað geti með ósköpum. Því næst skýtur greinarhöfundur fram eftirfarandi setningu:

„Það er ekki lengra frá Eykon til Eichmann en frá Göbbels til Gyðingamorða.“

Stefnandi telur vafalaust, að með orðinu Eykon, sem sé stytting úr Ey(jólfur) Kon(ráð), sé við hann átt. Af hálfu stefnda er einnig viðurkennt, að um stefnanda sé rætt í setningunni.

Ávarpið allt kveður stefnandi geyma ýmiss konar rangfærslur og meiðandi ummæli, þar sem gefið sé í skyn, að ritstjórar Morgunblaðsins eggja til ofbeldisárása. Í hinni tilvitnuðu setningu felist hins vegar aðdróttun um það, að hann líkist Eichmann, sem nýlega hafi verið dæmdur til dauða af dómstól í Ísrael fyrir að hafa látið myrða miljónir Gyðinga. Aðdróttun þessi, sem sé sett fram gegn betri vitund, sé mjög móðgandi, ærumeiðandi og til þess fallin að skerða starfsheiður stefnanda, sem með ummælnum sé settur á bekk með mönnum, sem almennt séu taldir mestu níðingar mannkynsins.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. að hin tilvitnaða setning verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
2. að stefndi verði dæmdur til refsingar samkvæmt 236. gr. sömu laga, en til vara samkvæmt 235. gr. eða 234. gr. laganna.
3. að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað við birtingu dómsforsendna og dómsorðs í dagblöðum samkvæmt 2. mgr. 241. gr. nefndra laga.
4. að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 100.000.00 í miskabætur samkvæmt 264. gr. hegningarlaganna.
5. að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að mati dómarans.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Kröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum, að með hinni tilvitnuðu setningu hafi hann ekki verið að líkja stefnanda við Eichmann, heldur aðstöðu hans sem áróðursritstjóra við Morgunblaðið við aðstöðu Göbbels sem áróðursstjóra þýzka nazistaflokksins, svo sem fram komi við lestur greinarinnar í heild. Slík sam-

Líking á aðstöðu geti ekki verið meiðandi, hvað þá refsiverð. Hin tilvitnaða setning sé líkingamál, sem falli í stuðla, og sá, sem fylgzt hafi með heimsviðburðum síðustu áratugi og skilur mælt mál, gangi þess ekki dulinn, að hér sé átt við áróður annars vegar og framkvæmd þeirrar stefnu, sem áróðurinn boðar, hins vegar. Göbbels sálugi hafi stjórnað á sínum tíma áróðri þýzka nazistaflokksins gegn kommúnistum og Gyðingum, og allir viti, hvernig sá áróður var framkvæmdur í verki. Stefnandi sé einn af ritstjórum stærsta dagblaðs á Íslandi, Morgunblaðsins, en það blað hafi undanfarna áratugi haldið uppi linnulausum níðskrifum um kommúnista, bæði áður en stefnandi kom að blaðinu og síðan. Nefnd skrif Morgunblaðsins eigi sinn þátt í því, að hópur unglinga hafi látið æsa sig til skrísláta á útifundum Samtaka hernámsandstæðinga vorið 1961 og til árása á hús Sósíalistaflokksins við Tjarnargötu 20 og bústað ambassadors Sovétríkjanna við Túngötu 7. maí 1961, og að þessir atburðir geti verið upphaf alvarlegri tíðinda, verði ekki spyrnt við fótum. Um áratuga skeið hafi öðru hverju birzt um stefnda, sem sé formaður Sósíalistaflokksins, nafnlausar níðgreinar í Morgunblaðinu, þar sem honum hafi verið valin öll helztu hrakyrði íslenzkrar tungu. Ákvæði 16. gr. laga nr. 57/1956 komi nú í veg fyrir, að hægt sé að draga rétta menn til ábyrgðar fyrir skrif þessi. Ábyrgðarmaður Morgunblaðsins hafi um langt skeið verið Valtýr Stefánsson, sem um undanfarin ár hafi átt við vanheilsu að stríða og því að mestu eða öllu hættur að skrifa í blaðið og skipta sér af efni þess. Raunverulega muni því efni Morgunblaðsins valið og ritað í skjóli Valtýs af öðrum tilgreindum ritstjórum þess, en stefnandi sé einn þeirra. Verði hin umstefnda setning talin ærumeiðandi fyrir stefnanda, hljóti vegna aðstöðu stefnanda að verða að beita ákvæðum 239. gr. hegningarlaga við álagningu dóms í máli þessu. Þá bendir stefndi á, að stefnandi hafi valið sér það starf, sem hann gegni við Morgunblaðið, og verði því ekki séð, að það geti verið ærumeiðandi, móðgandi né borið fram gegn betri vitund að benda á þá aðstöðu og ábyrgð, sem starfi stefnanda fylgi, og sýna með dæmum, til hvers misnotkun þessarar aðstöðu geti leitt. Með þessum rökum hefur stefndi mótmælt öllum kröfum stefnanda.

Um 1 og 2.

Það er alkunna, að útlendingar þeir, sem nefndir eru í hinni umstefndu setningu, hafa víða um lönd verið taldir hvað mestir

ógæfumenn síðari tíma. Í setningunni er stefnandi við þá bendlaður. Með því að stuðla setninguna, verður hún áhrifameiri. Við lestur ávarpsins í heild, liggur sá skilnigur, sem stefndi vill leggja í setninguna, ekki beint við. Telja verður því, að setningin, eins og hún er sett fram, sé mjög meiðandi fyrir stefnanda, og í því sambandi skiptir ekki máli, hvort heldur stefnandi er borinn saman við Göbbels eða Eichmann eða aðstöðu stefnanda er líkt við aðstöðu Göbbels. Ummælin, sem stefndi hefur ekki réttlætt, varða við 235. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940, en eins og á stendur, verður brotið ekki heimfært undir 236. gr. laganna. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að 239. gr. hegningarlaganna eigi við í tilviki þessu. Þykir refsing stefnda hæfilega ákveðin 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 6 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu. Þá ber samkvæmt 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna að ómerkja hin umstefndu ummæli.

Um 4.

Til stuðnings kröfu sinni um miskabætur hefur stefnandi á það bent, að hin umstefndu ummæli séu miklu alvarlegri en menn eigi að venjast í almennri blaðagrein. Þessi persónulega árás hljóti að vera gerð í þeim tilgangi að skaða starfsheiður stefnanda sem ritstjóra Morgunblaðsins. Öll rök hnigi því í þá átt, að taka eigi kröfu hans um miskabætur til greina. Upphæð bótanna liggi þó að sjálfsögðu undir mati dómsins.

Stefndi telur engan grundvöll vera fyrir miskabótum, enda hafi stefnandi ekki sannað né gert tilraun til að sanna neitt tjón vegna ummælanna.

Fallast má á það með stefnanda, að hann eigi rétt á miskabótum. Eins og málavöxtum er háttað, þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 8.000.00.

Um 3 og 5.

Samkvæmt 2. mgr. 241. gr. hegningarlaganna þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda kostnað við birtingu forsendna og niðurstöðu dóms þessa í opinberu blaði. Þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.300.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Einar Olgeirsson, greiði 2.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 6 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í málinu.

Stefndi greiði stefnanda, Eyjólfí Konráði Jónssyni, kr. 8.000.00 í miskabætur og kr. 500.00 í birtingarkostnað samkvæmt framansögðu og kr. 2.300.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1964.

Nr. 60/1963. **Eyjólfur Þorsteinsson,**
Tómas Magnússon,
Jón Hjörleifsson,
Ísleifur Gizurarson,
Björn Gizurarson,
Kristján Magnússon
 og
Þorsteinn Jónsson
 gegn
Sigurði Jónssyni
 og
Óskari Guðnasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Eyjólfur Þorsteinsson, Tómas Magnússon, Jón Hjörleifsson, Ísleifur Gizurarson, Björn Gizurarson, Kristján Magnússon og Þorsteinn Jónsson, er eigi hafa sótt dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald í ríkissjóð, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.